

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins Helgustaðanámu.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlinda-ráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Helgustaðanámu. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013.

1. gr.

Gestir skulu ávallt fylgja stígum innan hins friðlýsta svæðis. Aldrei skal ganga í skriðum eða annars staðar þar sem hætta er á jarðaraski eða grjóthruni, sbr. kafla 2.5.2.

2. gr.

Stranglega er bannað að klifra í námunum eða ganga þar í lausum skriðum þar sem að slíkt getur haft í för með sér slyshættu fyrir geranda og aðra gesti svæðisins, sbr. kafla 3.5.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. apríl 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.